

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar frá Hornstöðum í Dalasýslu, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. okt. 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar
frá Hornstöðum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guð-
mundar Jónssonar frá Hornstöðum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — sem við undirrituð
systkini leggjum fram sem stofnendur sjóðs, til minningar um foreldra okkar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að veita öldruðum vistmönnum — sem dvelja á Elliheimili
Dalasýslu að Fellsenda — jólagjafir.

4. gr.

Verja má allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins, samkv. því, sem segir í 3. gr., en
hálfir ársvextir skulu leggjast við höfuðstólinn, ásamt gjöfum þeim, sem nefndum
sjóði kunna að hlotnast, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund
krónur. Eftir það skal $\frac{1}{10}$ hluti ársvaxta leggjast við höfuðstólinn, en hann má
aldrei skerða.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu eða öðrum tryggum sjóði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Forstöðumaður Elliheimilisins að Fellsenda, pró-
fastur Dalasýslu og einn skipaður af sýslunefnd Dalasýslu. Skal hann skipaður til
þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána,
fundarsamþykktir og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins
annast fjárveitingar, samkvæmt 3. gr., og annað honum viðkomandi. Hún semur
ársreikning og leggur hann fyrir sýslunefnd Dalasýslu til samþykktar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skulu reikningar hans gerðir
í janúarmánuði ár hvert.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá nr. 19 12. marz 1938.

Steinunn Guðmundsdóttir.

Ólafur Guðmundsson.

Jón Kr. Guðmundsson.